

Greinargerð

Brúin

Jóna Rut Jónsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Greinargerð - Brúin

Kennsluhugmyndir fyrir grunnskólakennara sem taka á móti skólahóp leikskóla

Jóna Rut Jónsdóttir

221272-3829

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, leikskólakennarafræði

Apríl 2010

Leiðbeinandi:

Jóhanna Karlsdóttir, lektor.

Ágrip

Í greinargerðinni er fjallað um verkefnið *Brúum bilið* og markmið þess. Einnig er litið á þroska fimm til sjö ára barna og hverjar helstu þroskabreytingar hjá þessum aldurshópi eru. Þá er farið yfir sögulega þróun samvinnu leik- og grunnskóla í gegnum árin. Tekið var viðtal við Ástu Egilsdóttur leik- og grunnskólakennara, sem hefur unnið með verkefnið alveg frá árinu 1995 þegar Menntamálaráðuneytið tók þátt í samnorrænu verkefni með áherslu á leik- og grunnskóla. Kannað var hvaða sýn hún hefur á verkefnið *Brúum bilið*. Jafnframt er farið yfir tengsl skólastiganna og hvernig leikskólinn Krókur í Grindavík hefur unnið með fyrrgreint verkefni. Greinargerðinni fylgir hefti með kennsluhugmyndum fyrir grunnskólakennara skólahópa leikskóla. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og í samræmi við þroska og aldur barnanna og leitast er við að hafa leikinn í forgangi. Meðfylgjandi er einnig bæklingur fyrir foreldra barna í skólahóp leikskólans, þar sem skólahópur og markmið hans eru kynnt.

Efnisyfirlit

1) Inngangur	6
2) Þroski fimm til sjö ára barna	8
3) Sögulegt yfirlit	9
4) Þróun verkefnisins	10
5) Samstarf skólastiganna	11
6) Lokaorð	15
7) Heimildaskrá	16
8) Viðaukar:	18
a. Sýnishorn að dagskrá Stjörnuhóps heilsuleikskólans Króks	18
b. Viðtal við Ástu Egilsdóttur	19

Inngangur

Við fimm ára aldur verða ákveðin tímamót í lífi leikskólabarna. Þá fara þau í skólahóp þar sem markmiðið er að undirbúa þau sem best fyrir grunnskólanám. Það þykir mörgum börnum merkur áfangi og virðast sum jafnvel stækka svólítið við þessi merku tímamót. Rannsóknir sýna að íslensk börn gera skýran mun á leikskóla og grunnskóla. Mörg þeirra eru full tilhlökkunar að byrja í grunnskóla á meðan önnur eru áhyggjufull og kvíða því ókomna (Jóhanna Einarsdóttir, 2003:2). Mörg börn hafa miklar væntingar til grunnskólans og hugsanlega verða sum hver fyrir svolitlum vonbrigðum þegar skólinn er öðruvísi en búist var við. Sum spyrja jafnvel kennarann „hvenær förum við að læra?“ og átta sig ekki á því að kennslan er hafin en hún er ef til vill öðruvísi en börnin gerðu sér í hugarlund.

Mikilvægt er að leik- og grunnskólar efli tengsl sín á milli og komi á sambandi og samstarfi milli leikskólakennara sem hafa umsjón með elstu börnunum í leikskóla og grunnskólakennara sem taka við þeim í fyrsta bekk grunnskóla. Það er augljóslega hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hver annars. Því færra sem kemur börnum, foreldrum og forráðamönnum þeirra á óvart þegar skipt er um skóla og vinnustað og því betri samfella sem er á milli skólastiganna, því meiri líkur eru á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar (Menntamálaráðuneytið, 2006:6). Í Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 er kafli um tengsl leik- og grunnskóla. Þar er áhersla lögð á samstarf milli skólastiganna til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að barnið upplifi grunnskóla sem eðlilegt framhald af leikskóla. Mælt er með því að skólastjórar vinni saman og skipuleggi samstarf skólastiganna og beri ábyrgð á því. Lögð er áhersla á að leik- og grunnskólakennarar þekki vel til hugmynda og vinnubragða beggja skólastiga (Leikskólar Reykjavíkur [RVK], 2001:5). Þar kemur *Brúum bilið* verkefnið til sögunnar, en þar er ítrekað mikilvægi þess að samræmi sé á milli skólastiga og að kennarar frá báðum skólastigum komi að verkefninu í sameiningu (RVK, 2001:5). Víða er unnið að verkefninu *Brúum bilið*, en markmiðið með því er að stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga, byggja kennslu á fyrri reynslu barnanna og að samfella skapist í námi þeirra (Menntamálaráðuneytið [MRN], 1997:7).

Erlendar rannsóknir benda til þess að mikilvægt sé fyrir velferð og menntun barna að um samfelli sé að ræða í lífi þeirra og námi. Komið hefur í ljós að börn sem á einhvern

hátt eiga í erfiðleikum með félagslega, hegðunarlega eða námslega aðlögun að grunnskóla séu líklegri til að eiga áfram við þessa erfiðleika að stríða á skólagöngu sinni (Jóhanna Einarsdóttir, 2005:30).

Til að undirbúa börn sem allra best fyrir grunnskólanám þarf samstarf á milli leik- og grunnskóla að vera mjög gott. Heimsóknir leikskólabarna í grunnskóla þurfa að vera markvissar. Þær þurfa að vera jafnt og þétt yfir veturinn og mikilvægt er að börnin fái fjölbreytt verkefni í heimsóknunum sem gefa þeim innsýn í skólastarfið. Þannig fá börnin tækifæri til að aðlagast skólanum og skólastarfinu hægt og sígandi. *Brúum bilið* er leið sem farin hefur verið til að koma í veg fyrir að grunnskólabyrjun verði erfið hjá nemendum. Þar er einmitt lögð mikil áhersla á að kynna grunnskólann fyrir leikskólabörnum í gegnum skipulagðar heimsóknir þeirra í grunnskólann. Rannsóknir benda til þess að þessar aðferðir séu gagnlegar og börn sem kynnst hafa grunnskólanum, t.d. í gegnum heimsóknir, séu líklegri til að hafa raunsæjar væntingar til skólans (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:99). Gerður G. Óskarsdóttir flutti í janúar s.l. erindi um niðurstöður rannsóknar sem hún gerði annars vegar um nám á mörkum leik- og grunnskóla og hins vegar grunn- og framhaldsskóla, sem hún kallar „*Við þurfum að byrja á byrjuninni*“. Gerður mun birta rannsóknina í heild sinni núna í maí árið 2010 en það verður áhugavert að skoða rannsóknina og niðurstöður hennar.

Greinargerðinni fylgir hefti með tillögum fyrir grunnskólakennara sem hægt er að nýta í skólaheimsóknum leikskólabarna. Þau eru til þess fallin að aðlaga börnin hægt og rólega í litlum skipulögðum hópum þar sem fjölbreytt verkefni eru höfð í fyrirrúmi. Verkefnin tengjast ýmsum þáttum skólastarfsins, t.d. útiveru, eflingu félagsþroska, samvinnu, list og verkgreinum en fjölbreytileiki leiksins er hafður að leiðarljósi og að lokum þá mun tengslamyndun hefjast hjá börnunum.

Í greinargerðinni og heftinu sem fylgir með er talað um börn í leikskóla en nemendur í grunnskóla. Það er gert þar sem fjallað er um börn í aðalnámskrá leikskóla og um nemendur í aðalnámskrá grunnskóla

Greinargerðin er þannig uppbyggð að fyrst er fjallað um þroska fimm til sjö ára barna, þá er fjallað um sögulegt yfirlit verkefnisins *Brúum bilið*, hver þróunin hafi verið, samvinna stólastiganna skoðuð og greinargerðinni lýkur með lokaorðum. Aftast eru viðaukar með viðtali sem tekið var við Ástu Egilsdóttur og sýnishorn af dagskrá skólahóps á leikskólanum Króki, Grindavík.

Þroski fimm til sjö ára barna.

Á mótum leik- og grunnskóla hefst vaxtasprettur hjá börnum eftir jafna þróun í líkamsvexti og líkamsbeitingu árin á undan, hreyfingar þeirra verða grófari og óöruggari. Leik- og hreyfipörf krefst meira rýmis og fínhreyfingar þroskast samfara þróun taugakerfis. Grunnskólinn verður að taka tillit til þess að börn hafa misgott vald á hreyfingum t.d. í skrift, mynd- og handmennt og íþróttum (MRN, 1997: 13). Leik- og grunnskólar eiga að stuðla að öryggiskennd barnanna, efla sjálfskennd, sjálfstraust og virkja tjáningarpörf þeirra til þess að þau öðlist jákvæða sjálfsmynd. Mikilvægt er að halda áfram að örva málþroska, bæta málnotkun og auka málskilning. Við upphaf grunnskólanáms er hugsun barna yfirleitt hlutbundin og þau láta oft stjórnast af skynjun frekar en rökhugsun. Einnig einkennist félags- og siðgæðisþroski barna enn af sjálflægni, þau eiga erfitt með að setja sig í spor annarra, taka tillit til annarra og vinna markvisst með öðrum (MRN, 1997: 13). Börnin eiga oft erfitt með að fylgja leikreglum í hópleikjum og víkja frá þeim þótt þau telji sig þekkja þær og að þær eigi að halda. Smám saman eykst hæfni þeirra til samvinnu í leik og starfi. Félagsleg samskipti örva börn í að átta sig á og virða sjónarmið annarra og þarf grunnskólinn að taka mið af því í starfi sínu (MRN, 1997: 14). Einnig er nauðsynlegt að börn fái tækifæri til að vera í frjálsum leik til að fá að njóta sín sem einstaklingar en leikurinn er helsta athafnaform barna á þessu aldurstigi. Leikurinn er mikilvægasta þroskaferlið sem börn fara í gegnum og því er hann mjög mikilvægur þáttur í skólagöngu barna. Ennfremur er mikilvægt að nota leik sem kennsluáferð jafnt í leikskóla og grunnskóla þar sem börn afla sér þekkingar með þátttöku í leik og starfi. Á mörkum leik- og grunnskóla eru leikir sem tengjast máli og stærðfræði oft árangursríkari áferð við móðurmáls- og stærðfræðikennslu en útfylling verkefnahefta. Allar leikgerðir eru jafnmikilvægar en leikurinn þróast eftir aldri og þroska barnanna. Góður kennari nýtir sér þá leikgerð sem hentar þroskastigi nemenda og þeim markmiðum sem hann vinnur að (MRN, 1997: 17). Jafnframt eiga börn að fá leiðsögn þar sem athyglisgáfa, hugsun, minni, málþroski, sköpunarhæfni og hæfni til einbeitingar eru örvuð. Auka þarf orðaforða og hugtakaskilning með því að lesa fyrir börnin, hlusta á þau og svara spurningum þeirra eða láta þau sjálf finna svörin (MRN, 1997: 13-14). Þroski og nám fylgjast að og hver þroskaþáttur er öðrum háður. Undirstaða vitsmunarþroska er skynjun barna, samskipti og athafnir. Málþroski, félags – og siðgæðisþroski er einnig háður vitsmunarþroska. Í

leik- og grunnskóla ber að rækta alla þroskaþætti svo barnið nái að blómstra (MRN, 1997: 15).

Sögulegt yfirlit

Leik- og grunnskólar byggja á ólíkri hefð. Hér áður fyrr var leikskóli hugsaður sem skjól og athvarf fyrir fátæk börn en hefur þróast á ekki svo löngum tíma í að vera fyrsta skólastig barnsins. Meginmarkmið barnaskólakennslu hér áður fyrr var eingöngu að börn yrðu læs og skrifandi. Báðar stofnanirnar hafa þróast í gegnum tíðina en það er alveg ljóst að þær byggja á ólíkum kennslu og uppeldisaðferðum. T.d. er talað um börn í leikskóla en nemendur í grunnskóla. Í leikskólum er talað um umönnun og uppeldi en í grunnskólum um kennslu og nám. Í leikskólum er meginhugtakið leikur, en nám er meginhugtakið í grunnskólum (RVK, 2001: 4).

Árið 1993 var norrænt samstarfsverkefni á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um skólabyrjun sett á laggirnar, „Skolestart i Norden“, með áherslu á tengsl leikskóla og grunnskóla (MRN,1997:5). Markmið verkefnisins var að koma á samstarfi menntastofnana í hverju landi fyrir sig. Ákveðið var að íslenska þróunarverkefnið myndi finna leiðir til að brúa bilið á milli grunn- og leikskóla, bæði hvað varðar að efla inntak náms og starfshætti og efla samstarf milli Fósturskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Sérstök áhersla var lögð á að efla tengsl á milli grunn- og leikskólakennara, efla starfshætti þeirra og samvinnu. Í kjölfarið af þessu þróunarverkefni var haft samráð við aðila sem höfðu verið í þessu samstarfi og úttekt gerð á því hvaða aðferðir höfðu verið notaðar í verkefninu sem kallað var *Brúum bilið*. Á árunum 1994-1996 var unnið að verkefninu á Akranesi af Ástu Egilsdóttur leik- og grunnskólakennara og Brynju Helgadóttur, leikskólakennara. Í Reykjavík var unnið með verkefnið árin 1995-1996 í leikskólanum Staðarborg af Ástu Júlíu Hreinsdóttur leikskólakennara og frá Breiðagerðisskóla vann Sigríður Knútsdóttir, leik – og grunnskólakennari við verkefnið. Í kjölfarið af vinnu þessara aðila gaf Menntamálaráðuneytið út bæklingin *Brúum bilið* árið 1997. Í bæklingnum er farið ítarlega í þessa framþróun (MRN, 1997: 17). Starfið leiddi m.a. til samstarfs milli endurmenntunar F.Í. og K.H.Í. um sameiginleg námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara þar sem fjallað var um mikilvægi þess að brúa bilið milli þessara skólastiga. Í kjölfar námskeiðanna var á nokkrum stöðum komið á

formlegu samstarfi á milli leikskólakennara, grunnskólakennara og foreldra (MRN, 1997: 5).

Þróun verkefnisins

En hver hefur þróunin verið? Til að fá upplýsingar um þær leiðir sem íslenskir grunn- og leikskólakennarar fara til að tengja skólastigin og aðferðir sem þeir telja æskilegt að nota, gerði Jóhanna Einarsdóttir rannsókn árið 2004. Rannsóknin var gerð meðal allra grunnskólakennara sem kenna fyrsta bekk í Reykjavík og allra leikskólakennara sem vinna með elstu börnum í reykvískum leikskólum. Flestar spurningarnar á listunum voru um þær aðferðir sem kennararnir notuðu til að tengja skólastigin og auðvelda börnum flutninginn frá leikskóla til grunnskóla og viðhorf þeirra til aðferðanna. Sextán sambærilegar spurningar voru lagðar fyrir báða hópana. Spurt var um hvort skriflegar skýrslur fylgdu börnunum í grunnskólann og hvort reglulegir fundir væru haldnir meðal leik- og grunnskólakennara til að ræða markmið og leiðir og samfellu í námi barnanna. Alls voru 270 spurningalistar sendir í sjötíu og tvo leikskóla. Sjötíu og sex listar voru sendir í grunnskóla. Svörunin var góð, eða í kringum 90% (Jóhanna Einarsdóttir, 2004:212-213). Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýndu að yfirleitt var um einhverja samvinnu á milli skólastiganna að ræða. Algengast var að farið var með leikskólabörnin í heimsóknir í grunnskólann, næstalgengast var að grunnskólinn byði leikskólabörnunum að taka þátt í atburðum í skólanum. Einnig var áhugavert að sjá hversu áberandi var að leikskólakennarar voru áhugasamir um samvinnu á milli skólastiganna en grunnskólakennarar kusu fremur að fá upplýsingar um einstök börn frá leikskólanum en að vinna að samfellu milli skólastiganna (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:110). Niðurstöðurnar gáfu einnig til kynna nokkra tregðu í samvinnu um námskrá og starfsaðferðir skólastiganna. Aðeins 60% kennarana töldu aðferðir, sem fólu í sér samvinnu skólastiganna, vera góðar hugmyndir (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:112). Í rannsókninni er merkileg útkoma þar sem yngri kennarar virðast hafa meiri áhuga á þessu samstarfi en þeir sem eldri eru. Yngstu og elstu kennararnir voru þeir sem töldu að sameiginlegir fundir leik- og grunnskólakennara væri góð hugmynd. Elstu kennararnir voru þeir sem höfðu minnstan áhuga á að leikskólakennarar fylgdu börnunum í fyrsta bekk. Meira en 85% þeirra sem höfðu 16 ára reynslu eða meira töldu þetta ónauðsynlegt (Jóhanna Einarsdóttir, 2004:221). Eftir að *Brúum bilið* verkefnið

komst á laggirnar árið 1995 þá bættist það viðfangsefni við í námi leik- og grunnskólakennara hér á landi. Það getur hugsanlega verið skýringin á því af hverju yngri kennarar hafi meiri áhuga á samstarfinu, nú þykir þetta sjálfsagður hlutur í samfélagi okkar í dag, þ.e. að það sé samfella á milli skólastiganna. Báðar stofnanirnar hafa breyst í aldanna rás. Eins og áður hefur komið fram þá voru leikskólarnir litnir öðrum augum áður fyrr en gert er í dag þar sem þeir voru hugsaðir sem samastaður til að veita börnum öryggi, hlýju og skjól en meginmarkmið barnaskólakennslu var að börn yrðu læs og skrifandi. Árið 1994 voru sett lög um það að leikskólinn væri fyrsta skólastigið í skólakerfinu og að leikskólanum væri ætlað að undirbúa börnin undir hina formlegu skólagöngu á ýmsan hátt (RVK, 2001: 4-5).

Samstarf skólastiganna

En hvað segja þeir leik- og grunnskólakennarar sem hafa unnið með *Brúum bilið* verkefnið. Hver er sýn þeirra? Ég hafði samband við Ástu Egilsdóttur, leik- og grunnskólakennara í Grundaskóla á Akranesi.

Ásta hefur að eigin sögn góða reynslu af verkefninu *Brúum bilið*, en hún hóf það verkefni formlega árið 1996 eins og fyrr segir. Samstarfið hefur gengið mjög vel alveg frá byrjun en eins og með alla nýja hluti þá tók örlítið á að koma þessu á laggirnar. Heimsóknir leikskólabarna í grunnskóla eru mjög fjölbreyttar alveg frá því að vera skipulagðar í það að vera af allt öðru tilefni t.d. heimsókn á bókasafnið, til systkina í eldri bekkjum o.fl.

Ásta er mjög sátt við þetta form en hefði viljað sjá meira faglegt samstarf milli skólastiganna sem er eitt af markmiðum samstarfsins. Hugmyndin hafi alltaf verið að þróa sameiginlegan faglegan grunn sem grundvöll að því starfi að brúa bilið milli skólastiganna. Þau hafa tvisvar sinnum haft yfirgripsmikið sameiginlegt kennara og leiðbeinanda námskeið fyrir skólastigin auk fyrirlestra. Innra starfið hefur einkennst af leik og hefur hún persónulega verið mjög ákveðin í að þannig eigi það að vera en ekki í formi vinnubóka eða lausblaða verkefna.

Hún telur án nokkurs vafa að þetta verkefni hafi hjálpað börnum að takast á við það

stóra verkefni að byrja í grunnskóla. Ásta hefur fylgst með mörgum börnum fara í gegnum þetta samstarf og þegar komið er að þeirri stund að hefja grunnskólagönguna þá vita börnin nákvæmlega að hverju þau ganga. Hún hefur starfað á yngsta stigi síðan 1982 og þekkir því muninn á því að taka á móti börnum í 1. bekk fyrir og eftir að samstarfið hófst. Hún segir að þetta sé tvennt ólíkt og að öryggi barna í skólabyrjun sé miklu meira en fyrir samstarf.

Að lokum telur hún að skólasamfélagið á Skaganum hafi stigið stórt gæfuspor þegar það hóf þetta samstarf. Hún segir þetta vera form sem hefur gefist vel og það eina sem henni finnst þurfa að bæta, er að efla faglega þáttinn enn frekar. Hún talar um að þau þurfi að fara í grasrótavinnu og finna einhvern „tímavænan“ en ábatasaman flöt á faglegu samstarfi sem heldur og verður að eðlilegum þætti í starfi önnur kafins starfsfólks. Hún telur það augljóst að verkefnið *Brúum bilið* hafi mikil áhrif á aðlögun og líðan ungra skólabarna á Akranesi (Ásta Egilsdóttir, 2010).

En hvernig hafa önnur bæjarfélög unnið þetta verkefni? Ég hafði samband við Huldu Jóhannsdóttur leikskólastjóra á heilsuleikskólanum Króki í Grindavík en þar hefur *Brúum bilið* verkefnið verið unnið í samstarfi við grunnskóla Grindavíkur frá stofnun leikskólans árið 2001. Formlegt samstarf grunnskólans við leikskóla Grindavíkur (nú leikskólinn Laut) hófst árið 1995. Hún segir að samstarfið hafi verið í stöðugri þróun frá upphafi. Það er talið mikilvægt að samstarf sé á milli leik- og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barns og að það upplifi grunnskóla sem eðlilegt framhald af leikskóla. Ábyrgðin á þessu samstarfi er í höndum deildarstjóra yngsta stigs grunnskóla og verkefnastjóra elstu árganga leikskólanna.

Elstu börnin á Króki hittast einu sinni í viku og er þessi hópur kallaður Stjörnuhópur. Þau fara í heimsóknir í grunnskólann, ýmsar stofnanir í bænum og vinna verkefni og að hópefli í leikskólanum. Auk þess fer þessi hópur í markvissa málörvun tvisvar sinnum í viku. Sérstök áhersla er lögð á að leikurinn sé námsleið barnsins og að hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans séu lagðar til grundvallar því starfi sem unnið er í Stjörnuhópnum. Mikið samstarf er einnig á milli leikskóla í bænum og gerir það m.a börnunum kleyft að kynnast verðandi skólasystkinum sínum.

Starfið hefst að hausti með skipulagsfundi deildarstjóra yngsta stigs grunnskólans og verkefnastjórum elstu árganga leikskólanna. Ákveðið er hvað háttur skuli hafður á

samstarfinu og heimsóknir grunnskólakennara í leikskólana skipulagðar. Leikjadagar eru einn dagur að vori og einn að hausti. Þessir dagar eru skipulagðir þannig að hóparnir hittast á skólalóðinni, lóð leikskólanna eða einhverju opnu svæði í bænum og fara í ýmsa leiki. Grunnskólakennarar skipuleggja daginn að hausti og leikskólakennarar daginn að vori. Stefnt er að því að hvert leikskólabarn fari að minnsta kosti fjórum sinnum í heimsókn í grunnskólann og hvert grunnskólabarn heimsæki tvisvar sinnum leikskólann sinn. Í þessum heimsóknum ganga nemendur inn í það starf sem fyrir er á hverjum stað. Lögð er áhersla á að leikskólabörnin skoði grunnskólann og kynnist bæði frímínútum og nestistímum. Auk þessara heimsókna er áætluð ein heimsókn á hvorri önn í íþróttir. Leikskólahópunum er boðið nokkrum dögum fyrir árshátíð grunnskólans að horfa á atriði 1. bekkjar á sal skólans. Við þetta tækifæri sýna leikskólahóparnir atriði sem þeir hafa æft. Að vori heimsækir hvor leikskóli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra grunnskólans. Tekið er á móti hópunum á sal skólans, þar er spjallað við börnin, lesin stutt saga, boðið upp á djús og kex og farin skoðunarferð um skólann. Mikilvægt er að leik- og grunnskólakennarar þekki vel til hugmynda og vinnubragða hvers annars. Stefnt er að því að skipuleggja eina til tvær heimsóknir grunnskólakennara í leikskólann og leikskólakennara í grunnskólann á haustönn þar sem kennarar fylgjast með og taka þátt í því starfi sem fram fer í skólunum (Leikskólinn Krókur, e.d.).

Í mörgum sveitarfélögum er unnið að samstarfi leik- og grunnskóla á svipaðan hátt og á leikskólanum Króki, en fyrirkomulagið getur verið eins fjölbreytilegt og skólarnir eru margir. Má þar nefna; í Stykkishólmi, á Akranesi, Birkisel og Hæðaból í Garðabæ, Hofstaðaskóli Garðabæ, Setbergsskóli og leikskólinn Hlíðarberg í Hafnarfirði, í Vogum, leik og grunnskólar í Seljahverfi í Reykjavík, leik-, grunnskólar og frístundaheimili í Laugardals- og Háaleitishverfi, leik- og grunnskólar á Akureyri o.fl. o.fl. Margir skólarnir bjóða upp á vorskóla, en þá taka grunnskólarnir á móti væntanlegum 1. bekkungum og kynna skólann sinn (Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, 2008:17)

Með samstarfinu er verið að auðvelda grunnskólakennurum að byggja á því sem börnin hafa lært í leikskóla og stuðla að auknum skilningi kennara á starfi beggja skólastiga. Æskilegt er að reynsla barnanna af verkefninu verði til þess að þau upplifi grunnskóla sem eðlilegt framhald leikskóla.

Nauðsynlegt er í samstarfsverkefnum eins og þessu að leik- og grunnskólakennarar vinni saman. Þeir læra hver af öðrum því báðar stéttir búa yfir sérþekkingu sem nýtist hinni. Mikilvægt er fyrir grunnskólakennara að kynna sér starfshætti leikskóla til að geta byggt á þeim grunni sem fyrir er þegar þeir taka á móti nemendum sem eru að stíga sín fyrstu skref í grunnskólanum. Leikskólabörn þurfa fyrst og fremst að kynnast grunnskólanum sem stofnunar og finna öryggi innan hennar. Grunnskólabörn sakna oft þeirra tengsla sem mynduð voru í leikskóla og þeim finnst einnig spennandi að heimsækja fornar slóðir, leika sér með gamalkunn leikföng og hitta börn og starfsfólk (MRN, 1997:9).

Þegar skólahópar heimsækja grunnskóla er ýmislegt sem hafa ber í huga. Viðfangsefni þurfa að vera fjölbreytt og í samræmi við aldur og þroska barnanna. Einnig er mikilvægt að leikurinn sé í hávegum hafður. Markmið heimsóknanna er að leikskólabörnin aðlagist og fái jákvæða sýn á skólastarfið. Í kennsluhugmyndunum sem fylgja þessari greinargerð eru hugmyndir sem kennarar 1. bekkja geta notast við í þessum heimsóknum. Þær miðast oftast en ekki við að börnunum sé skipt í litla hópa og unnið sé í stöðvavinnu. Verkefni byggjast að miklu leiti á hugmyndum Howards Gardners um fjölgreindarkenningu, en í grundvallaratriðum þá felur hún í sér það sem góðir kennarar hafa alltaf gert þ.e. að fara út fyrir textann og töfluna til að vekja áhuga nemenda (Armstrong, 2001:51). Einnig bendir Gardner á að þar sem nemendur séu ekki allir eins sé nauðsynlegt fyrir kennara að beita fjölbreyttum kennsluáferðum (Armstrong, 2001:63). Í bæklingi sem fylgir greinargerðinni er hugað af foreldrum leikskólabarna þar sem starf skólahópsins er kynnt og hver markmið hans eru. Mikilvægt er að foreldrasamstarf sé gott og besta leiðin til að hefja það samstarf er þegar börn eru í leikskóla.

Lokaorð

Sífelld fleiri leik- og grunnskólar vinna að verkefninu *Brúum bilið* og er það af hinu góða. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun frá því það var sett á laggirnar árið 1994. Með tilkomu verkefnisins hefur skólum verið gefið tæki til að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla á farsælan hátt og stuðla þannig að samfellu á milli skólastiga. „Þessi vinna hefur byggt upp mjög gott og traust samstarf milli skólastiganna og síðast en ekki síst aukið virðingu og skilning kennara stiganna fyrir kennslu hvers annars ásamt því að styrkja samkennd okkar og meðvitund um að við störfum að sama markmiði“ (Inga Sigrún Atladóttir, 2006). Það þarf einna helst að vinna í því sem Ásta segir í viðtalinu „að efla faglega þáttinn enn frekar. Við þurfum að fara í grasrótavinnu og finna einhvern „tímavænan“ en ábatasaman flöt á faglegu samstarfi sem heldur og verður að eðlilegum þætti í starfi önnur kafins starfsfólks!“ Þetta er verkefni sem kemur vonandi með tímanum. Mikilvægt er að halda áfram að byggja brú á milli leik- og grunnskóla því að með því erum við að hjálpa börnum og væntanlegum nemendum með þær væntingar sem þeir hafa til grunnskólagöngu.

Heimildaskrá

- Armstrong, T. (2001). *Fjölgeindir í skólastofunni*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Elín Jóna Þórsdóttir. (1996). Prosjekt fra Island „Brúum bilið“. *Leg- læring- Skolestart i Norden* (bls. 63-65). Nordisk Ministerråd.
- Erna B. Hreinsdóttir og Lilja G. Ingólfssdóttir. (2007). *Tengsl leik- og grunnskóla í gegnum skapandi starf*. Óbirt B. Ed.-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2010). „Við þurfum að byrja á byrjuninni“, erindi flutt í Reykjavík 27. janúar 2010. Sótt 07. apríl 2010 af <http://ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8669>
- Hollowell, K. (e.d.). *Activities made to bridge the gap between kindergarten and primary school*. Sótt 25. febrúar 2010 af www.ehow.com/list_5826025_activities-between-kindergarten-primary-school.html
- Inga Sigrún Atladóttir. (2006). *Brúum bilið*. Samstarf Suðurvalla og Stóru-Vogaskóla. Áfangaskýrsla. Sótt 10. mars 2010 af <http://www.storuvogaskoli.is/resources/Files/PDF/bruum-bilid.pdf>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2009). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2003). „Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn: leikskólubarna til leik- og grunnskóla.“ *Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 15. febrúar 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2003/005/prent/index.htm>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastigin. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1(1), 209-227.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). „Hlakkarðu ekki til að byrja í skólanum?“. *Uppeldi*, 18(4), 30-32.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2006). Leikskólinn frá sjónarhorni barna. *Uppeldi og menntun*, 15(2), 69-84).
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). „Við megum ráða þegar við erum búin með bækurnar“ Reynsla barna í 1. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 9-29).

- Leikskólar Reykjavíkur. (2001). *Elstu börnin í leikskólanum – tengsl leikskóla og grunnskóla*. Sótt 01. febrúar 2010 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/leikskolar/skyrslurogstefnur/Elstuberninileikskolanum.pdf
- Leikskólinn Krókur. (e.d.). Brúum bilið. Sótt 15.mars 2010 af http://krokur.skolar.is/Leikskolastarf/5_ara_hopur/Bruum_bilid/
- Margrét Ásgeirsdóttir. (1996). Brúum bilið (Vi bygger bro) handbók om samarbete. leikskola- grunnskola. *Leg- og læring- Skolestart i Norden* (bls. 59-62). Nordisk Ministerråd
- Menntamálaráðuneytið. (2006). Aðalnámskrá Grunnskóla - Almennur hluti. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1997). *Brúum bilið – Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla*. Sótt 15. febrúar 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/bruumbilid.pdf
- Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. (1993). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. (2008, mars). Greinargerð og niðurstöður könnunar um samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í Laugardals- og Háaleitishverfi veturinn 2007-2008. Sótt þann 15. febrúar 2010 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/hverfi/laugardalur_haaleiti/uppl_singahandb_kur_/Greinarger_.pdf

Viðtal:

Ásta Egilsdóttir. (2010). Viðtal tekið við Ástu þann 22. febrúar 2010 af Jónu Rut Jónsdóttur. Sjá viðauka.

Viðaukar

1) Hér er sýnishorn að dagskrá Stjórnuhóps heilsuleikskólans Króks:

15. sept.	Verkefnavinna í leikskólanum
23. sept.	Útileikjadagur með leikskólanum Laut og 1. bekk kl: 10:10–11:30
30. sept.	Heimsókn í leikskólann Laut
6. okt.	Heimsókn - Bærinn minn, heimsókn í fyrirtæki í bænum.
14. okt.	Skólaheimsókn kl. 10:10–11:30
20. okt.	Verkefnavinna í leikskólanum
28. okt.	1.bekkur grunnskóla heimsækir leikskólann kl. 9:20-11:00
2.-6. nóv.	Íþróttatími í grunnskóla. Nánar auglýst síðar
10. nóv.	Heimsókn – Bærinn minn, heimsókn í fyrirtæki í bænum.
24. nóv.	Verkefnavinna í leikskólanum
2. des.	Skólaheimsókn kl. 10:10 – 11:30
8. des	Heimsókn - Bærinn minn, heimsókn í fyrirtæki í bænum.
15. des.	Jólastund á kaffihúsi
5. jan	Verkefnavinna í leikskólanum
12. jan.	Heimsókn - Bærinn minn, heimsókn í fyrirtæki í bænum.
20. jan.	Skólaheimsókn kl. 10:10 – 11:30

Tekið af heimasíðu leikskólans Króks:

http://krokur.skolar.is/Leikskolastarf/5_ara_hopur/Bruum_bilid/ (10. mars 2010)

2) Viðtal við Ástu Egilsdóttur, leik- og grunnskólakennara.

Viðtalið er birt með leyfi Ástu Egilsdóttur.

Ásta er með eins árs framhaldsmenntun í stjórnun frá Fósturskóla Íslands og Diplóma í kennslufræði og námsgagnagerð frá KHÍ. Ásta starfar í Grundarskóla á Akranesi sem umsjónarkennari í 3. bekk (hún kennir eingöngu á yngsta stigi). Hún hefur einnig verið deildarstjóri og áður árgangastjóri á yngsta stigi og sinnt ýmsum sérverkefnum fyrir skólann. Ásta er núna leiðtogi í Byrjendalæsi í 1. og 2. bekk.

Samstarfið hófst árið 1994 með sameiginlegum áhuga hennar sem yngri barna kennara og Guðlaugar Sverrisdóttur leikskólakennara í Garðaseli en þær höfðu áður unnið saman í 1. bekk í Grundaskóla. Þær hafði alltaf langað til að gera eitthvað almennilegt á þessu sviði og létu verða af því. Þær fóru saman á endurnenntunarnámskeiðið *Brúum bilið* sem Fóstrufélagið og KHÍ héldu sameiginlega árin 1994 og 1995 og voru þá með kynningu á samstarfinu. Þetta verkefni varð að þróunarverkefni í tvö ár á milli leikskólans Garðasels og Grundaskóla og má m.a. lesa um það í bæklingnum *Brúum bilið* sem Menntamálaráðuneytið gaf út á sínum tíma

Þegar grunnskólinn fór alfarið yfir til sveitarfélaganna þá var skólaskrifstofu komið á fót á Akranesi. Þá kynntu þær verkefnið fyrir skólafulltrúa og ræddu um að nú væri kominn tími til að allir skólar á Akranesi tækju þátt í þessu verkefni. Honum leist vel á það og hóf strax undirbúning að samstarfinu og formlegt samstarf hófst skólaárið 1996–1997 á milli skólastiganna á Akranesi.

Ásta segir samstarfið hafa gengið mjög vel alveg frá byrjun. Eins og með alla nýja hluti tók örlítið á að koma þessu á laggirnar og erfitt að púsla öllu saman í byrjun þar sem leikskólarnir voru fleiri og í minni einingum en nú er. Þá tókst ekki að koma því á að börn frá fleiri en einum leikskóla í einu kæmu á sama tíma í grunnskólaheimsóknir og gerði það hlutina svolítið þyngri í vöfum. Síðan var byggður nýr leikskóli og þrír litlir leikskólar sameinaðir í einn og einfaldaði það framkvæmdina mikið. Áður fyrr fékk hver leikskóli sitt tímabil til grunnskólaheimsókna en nú koma væntanlegir nemendur í hverjum leikskóla í heimsóknir í grunnskóla á sama tíma. Nú eru fjórir leikskólar á

Akranesi. Fjórði skólinn opnaði s.l. sumar. Þau fá því börn frá þremur leikskólum í heimsókn.

Fyrir utan skipulagðar heimsóknir í grunnskólana koma leikskólabörnin í ýmsar heimsóknir af öðru tilefni og hefur það ekkert með skólabyrjun nemenda að gera. Frá því að samstarfið hófst hefur fjögurra daga vorskóli verið starfræktur fljótlega að loknu páskaeyfi. Fyrstu þrjá dagana eru skipulagðar kennslustundir m.a. stærðfræðistöðvar (þ.e. Unit blocks), hreyfistund, lestrartengd verkefni í leikjaformi, myndmennt o.fl. en fjórði dagurinn er nefndur „húllum-hæ“ dagur þar sem leikskólabörnin og 1.bekkingar skemmta sér saman á sal. Samstarfinu lýkur á vorin með útleikjum á einhverri skólalóðinni eða á íþróttasvæði.

Hún segir að starfið hafi fljótlega farið í þær skorður sem það er í núna, þ.e.a.s. formið á því. Formið á heimsóknartímunum breyttist fyrir þremur árum þegar börn frá mismunandi leikskólum voru á sama tíma í grunnskólanum. Samstarfið hefur aldrei farið undir það lágmark sem því er sett í starfsrammanum en hefur oft verið mun meira milli einstakra deilda og bekkja.

Ásta er mjög sátt við þetta form en hefði viljað sjá meira faglegt samstarf milli skólastiganna sem er eitt af markmiðum samstarfsins. Hugmyndin var alltaf að þróa sameiginlegan faglega grunn sem grundvöll að því starfi að brúa bilið milli skólastiganna. Tvisvar hafa verið yfirgripsmikil sameiginleg námskeið fyrir skólastigin og fyrirlestrar um málþroska og undirbúning lestrarnáms. Þessi námskeið hefði hún viljað sjá oftar og meira reglubundið í samstarfinu, því mannabreytingar eiga sér alltaf stað. Einnig þarf að auðvelda gagnkvæmar heimsóknir milli kennara skólastiganna til að þeir geti kynnst af eigin raun störfum hverra annarra.

Þetta samstarf er núna fastur þáttur í starfi elstu deilda leikskóla og 1. bekk grunnskóla. Það er ekki spurt hvort fólk ætli að vera með heldur hvernig það ætli að útfæra samstarfið. Allir sem taka að sér kennslu þessara árganga vita að hverju þeir ganga og eru langflestir sáttir við það. Sumum finnst heimsóknirnar taka tíma frá starfinu en þær raddir eru lágværar en það þarf hins vegar að hlusta á þær þegar þær heyrast og ræða málín. Oft koma þá ný sjónarhorn sem eiga sér góðan hljómgrunn.

Hún vill að innra starfið einkennist af leik og hefur verið mjög ákveðin í að þannig eigi það að vera, en ekki í formi vinnubóka eða lausblaða verkefna.

Námsstöðvar eru algengasta formið í heimsóknnum og í vorskólanum, nokkurs konar valbundin hringekja, þ.e. börnin fara á nýtt svæði í hverri heimsókn og eru þá oftast námsgreinabundin viðfangsefni á hverju svæði/kennslustofu, allt í leikjaformi.

Ásta telur engan vafa leika á því að *Brúum bilið* verkefnið hjálpi börnum að hefja skólagöngu sína. Hún hefur fylgst með mörgum börnum fara í gegnum þetta samstarf og þegar komið er að þeirri stund að hefja grunnskólagönguna þá vita börnin nákvæmlega að hverju þau ganga. Þau hafa kynnst skólahúsinu og starfsfólkinu og æskilegast er að þau kynnist væntalegum kennurum sínum í vorskólanum. Það tekst nú því miður ekki alltaf en stundum þó. Einnig hafa leikskólabörn sem eru mjög óörugg komið oftar í heimsóknir en aðrir og grunnskólabörnin sem sakna leikskólans farið oftar en önnur í heimsókn í gamla skólann sinn. Önnur börn afgreiða þá þörf í fyrstu heimsókninni og vilja bara vera „heima” í skólanum sínum í stað þess að fara út í leikskólana. Leikskólarnir hafa einnig fengið tíma í íþróttahúsunum og hefur það breytt miklu fyrir börnin eftir að þau koma í grunnskóla. Hún hefur starfað á yngsta stigi í Grundaskóla síðan 1982 og hefur því upplifað muninn á því að taka á móti börnum í 1. bekk fyrir og eftir að samstarfið hófst. Hún segir að þetta sé tvennt ólíkt og öryggi barna í skólabyrjun miklu meira en fyrir samstarf.

Að lokum telur hún að stigið hafi verið stórt gæfuspor í skólastarfi á Skaganum þegar þetta samstarf hófst. Formið hefur gefist vel og ekki komið annað betra form fram en að alltaf megi bæta og breyta í þeim efnum. Henni finnst kominn tími til að efla faglega þáttinn enn frekar. “Við þurfum að fara í grasrótavinnu og finna einhvern „tímavænan” en ábatasaman flöt á faglegu samstarfi sem heldur og verður að eðlilegum þætti í starfi önnur kafins starfsfólks leik- og grunnskóla!”